

Roplex

Vörunr. 0001

Lýsing

Roplex (0001) er vatnsþynnunleg akrýlplastfeyta áluð á stein. Þeytan er auðveld í notkun, fljóttþornandi og heldur gljáa sérlega vel. Roplex er úr hreinu akrýllefni sem gulnar ekki og er alkalíþolið.

Notkun

Roplex (0001) hentar til að rykbinda sjónsteypu, ásamt því að hrinda frá óhreinindum og auðvelda þrif.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Glær	Þurrefni: 45 % (rúmmál)
Pakkningar: 4 lítra	Þynnir: Vatn
Efnisnotkun: 4-10 m ² /l	Áhaldahreinsir: Vatn
Eðlisþyngd: 1,1 kg/l	Þurrktími: 1 klst

Áhöld

Pensill, rúlla eða málningsprauta. Hreinsið áhöld með vatni strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Flöturinn skal vera hreinn og þurr og a.m.k. mánaðar gamall. Fita, laust yfirborð, ryk og önnur óhreinindi skulu fjarlægð. **Roplex** er borið jafnt á flötinn í 1-2 umferðum. Efnisnotkun er háð gerð og ástandi flatarins, ásamt þykkt filmunnar sem óskað er eftir.

Athugasemdir

- Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.
- Málið ekki fleti kaldari en + 10 °C, né heldur fleti sem sól skín beint á.

Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með **Roplex** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.